

Magaspeglun

Miðstöð meltingarlækninga, 3. hæð vesturhús, Læknastöðinni Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík, www.mml.is

Almennar upplýsingar

Magaspeglun er rannsókn, sem framkvæmd er af sérfræðilæknum, þar sem efri meltingarvegur er skoðaður (skeifugörn, magi og vélinda). Sérfræðilæknir og/eða heimilislæknir metur hvort þörf sé á magaspeglun. Algengar ástæður fyrir magaspeglun eru einkenni um bakflæði, brjóstverkur og kyngingarörðugleikar.

Flestir fá lyfjaforgjöf fyrir rannsókn og má því ekki aka bíl eða stjórna vélum í a.m.k. 6.klst eftir rannsóknina.

ATH! Í 2-5 DAGA FYRIR RANNSÓKNINA	Ef þú tekur blóðþynnandi lyf s.s. Xarelto, Eliquis, Lixiana, Kóvar, Warfarin, Plavix, Grepid, Clopidogrel, Brilique, Ticlid, Effient eða Pradaxa er stundum ráðlagt að gera hlé á inntöku lyfjanna, en einungis í samráði við lækni . Öll önnur lyf áttu að taka eins og vanalega.
SPEGLUN FYRIR HÁDEGI	Ef þú átt bókaðan tíma fyrir hádegi þarftu að vera fastandi á bæði mat og drykk frá miðnætti kvöldinu áður.
SPEGLUN EFTIR HÁDEGI	Ef þú átt bókaðann tíma eftir hádegi máttu fá þér léttan morgunmat. Þú mátt drekka tæra drykki; vatn, eplasafa eða kaffi án mjólkur. En hættir svo að drekka 2 klst áður en tíminn er. Fastandi á mat í a.m.k. 6 klukkustundir fyrir speglun. Fastandi á tæra drykki í 2 klukkustundir fyrir speglun.

Framkvæmd rannsókna

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti þér og fylgir þér inn á stofu. Farið er yfir framkvæmd rannsókna og nauðsynlegar upplýsingar fengnar frá skjólstæðing. Settur er æðaleggur í handlegg og kok staðdeyft (valkvætt). Oftast er gefin lyfjaforgjöf, sem eru slakandi/slævandi lyf í æðalegginn.

Ekki er leyfilegt að aka bíl eða stjórna vélum í að minnsta kosti 6 klukkustundir eftir að hafa verið gefið lyf í æð.

Þú liggur á vinstri hlið á meðan magaspeglun er framkvæmd. Rannsóknin tekur alla jafna stutta stund (5-10 mín). Sérfræðilæknir þræðir speglunartækið um munn og niður í maga og skeifugörn. Vefjasýni eru tekin ef þörf er á, sem er alveg sársaukalaust.

Eftir magaspeglun

Hjúkrunarfræðingur aðstoðar þig á fætur og fylgir þér á vöknun, þar sem þú hvílir þig um stund. Fljótlega eftir rannsóknina getur þú fengið djús/vatn að drekka. Sérfræðilæknirinn ræðir við þig eftir ½ til 1 klst. og fer yfir niðurstöður rannsóknarinnar og framhald með þér. Ef sýni voru tekin verður haft samband við þig þegar niðurstöður liggja fyrir. Þegar heim er komið máttu borða eðlilega.

Ef nánari upplýsinga er þörf hafið þá samband við starfsfólk okkar í síma
535-6800 alla virka daga milli kl. 08-16.

Gangi þér vel,
Kveðja,
starfsfólk Miðstöð Meltingarlækninga

Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum

Guðmundur Ragnarsson, læknir, PhD.
Hafsteinn Óli Guðnason, læknir.
Halldóra Kristín Magnúsdóttir, læknir.
Kjartan B. Örvar, læknir.
Sigurjón Vilbergsson, læknir.
Trausti Valdimarsson, læknir, PhD.

Sérfræðingar í skurðlækningum

Anna Sverrisdóttir, læknir.
Helgi Birgisson, læknir, PhD.
Sigurður Blöndal, læknir.